

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

Frá afneitun til þekkingar

*Um loftslagsbreytingabókmenntir, hlutverk þeirra
og Flight Behavior eftir Barböru Kingsolver*

Ritgerð til B.A.-prófs

Ragnheiður Birgisdóttir

Kt.: 261096-2429

Leiðbeinandi: Guðni Elísson

Mái 2019

Ágrip

Loftslagsbreytingar eru eitt mest aðkallandi vandamálið sem mannkynið þarf að kljást við á næstu árum. Hlutverk bókmennta er meðal annars að bregðast við samtímanum og því hafa ýmsir rithöfundar tekið að skrifa um þessa miklu náttúruvá. Skáldverk um þetta efni þykja mörgum ekki eiga vel heima í neinni þeirra bókmenntagreinna sem skilgreindar hafa verið heldur eiga skilið að kallast sérstök grein. Í ritgerðinni er sjónum beint að hinni nýju bókmenntagrein loftslagsbreytingabókmenntum og rætt um sérstöðu hennar og tengsl við aðrar greinar. Í þeirri umfjöllun er einkum stuðst við skrif Adams Trexler (*Anthropocene Fictions: The Novel in a Time of Climate Change* (2015)) og Antoniu Mehnert (*Climate Change Fictions: Representations of Global Warming in American Literature* (2016)). Velt er upp spurningum um hlutverk greinarinnar í umræðunni um loftslagsvána, sem snýst almennt um skoðanaskipti um niðurstöður vísindarannsókna, þ.e. hvort skáldverk af þessu tagi geti haft áhrif á lesendur og þá jafnvel meiri en vísindatextar.

Í síðari hluta ritgerðarinnar er tekið dæmi af einu slíku verki. Fyrir valinu varð skáldsagan *Flight Behavior* eftir bandaríska rithöfundinn Barböru Kingsolver sem kom út árið 2012. Rakið er hvernig höfundurinn fjallar um efnið og gerir það aðgengilegt fyrir lesendur. Fram kemur að í verkinu dregur Kingsolver upp skýra mynd af veröldinni á tímum loftslagsbreytinga og gerir grein fyrir áhrifum hnattrænnar hlýnunar með þremur efnispáttum skáldsögunnar. Í fyrsta lagi eru það breytingar á náttúrunni sem birtast bæði í breyttri veðráttu og áhrifum á búsetu kóngafiðrilda. Annar þátturinn er ólík viðhorf manna til loftslagsbreytinga; óupplýsts almennings, umhverfissinna og vísindamanna. Loks er þriðji þátturinn leið aðalpersónunnar Dellarobiu Turnbow frá afneitun og áhugaleysi á vandanum til djúprar þekkingar á hnattrænni hlýnun. Þessir þrír þættir fléttast saman þegar Kingsolver dregur upp raunsæja og heildstæða mynd af yfirvofandi loftslagsvanda.

Efnisyfirlit

Ágrip	2
Efnisyfirlit	3
1. Inngangur	4
2. Loftslagsbreytingabókmenntir og hlutverk þeirra	6
2.1. Ný bókmenntagein verður til	6
2.2. Hlutverk bókmennta í umræðunni um loftslagsmál	12
3. Flight Behavior	17
3.1. Ónáttúruleg náttúra	17
3.1.1. Veðráttá	17
3.1.2. Kóngafiðrildi	19
3.2. Orðræða og ólík viðhorf	21
3.2.1. Vanþekking og afneitun	21
3.2.2. Vísindamenn og umhverfissinnar	23
3.3. Söguhetjan Dellarobia	25
4. Niðurlag	29
Heimildaskrá	31

1. Inngangur

Með lífernri sínu og háttalagi hefur manningnum tekist að breyta loftslagi heillar plánetu og því steðjar nú að jörðinni mikil hætta. Vegna aukningar gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu hefur hitastig á jörðu nú þegar hækkað um 0,8°C að meðaltali frá því sem var á seinni hluta 19. aldar.¹ Í skýrslu íslenskrar vísindanefndar um loftslagsbreytingar frá árinu 2018 kemur fram að spáð sé að hnattræn hlýnun nemi 0,3 til 4,8°C við lok aldarinnar og fari það eftir því hversu mikið verður losað af gróðurhúsalofttegundum. Koma svonefnd gróðurhúsaáhrif meðal annars fram í því að sjórinn súrnar, jöklar bráðna og yfirborð sjávar hækkar. Í skýrslunni segir einnig að samkvæmt Parísarsamkomulaginu frá 2015 hyggist aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna draga úr losun gróðurhúsalofttegunda svo að hnattræn hlýnun frá iðnbýltingu verði vel undir 2°C. Jafnframt er leitast við að takmarka hlýnunina við 1,5°C. Einungis örfáir áratugir eru sagðir til stefnu til að uppfylla þessi markmið.² Þessar væntingar eru þó einungis tálsýn ef marka má orð Jeffs Tollefson í vísindaritinu *Nature*. Til þess að ná 2,0°C markinu, hvað þá 1,5°C, þyrfti aðgerðir sem virðast nánast óframkvæmanlegar. Sama hverju maður kys að trúa í þessum efnun er ljóst að vandamálið er grafalvarlegt.³ Þessar loftslagsbreytingar eru ein mesta hættan sem ógnar mannkyninu og eitt brýnasta úrlausnarefni samtímans.

Flestir telja að sannað hafi verið á óyggjandi hátt að hnattræn hlýnun á okkar dögum sé staðreynd en þó eru þeir enn til sem draga það í efa. Víða í samfélagi manna um allan heim hefur sprottið upp umræða um þennan vanda. Ýmsum finnst grátlegt að horfa upp á getuleysi einstaklingsins til þess að bregðast við vandanum og aðgerðaleyzi stjórnvalda. Þar sem loftslagsbreytingar eru í brennidepli á öllum sviðum nútímasamfélagsins er ekki að undra að rithöfundar víða um heim hafi brugðist við þeim í verkum sínum.

Einn þeirra er bandaríski rithöfundurinn Barbara Kingsolver. Hún stundaði doktorsnám í líffræði og vistfræði við University of Arizona en tók til við vísindaskrif án þess að ljúka prófi. Síðar snéri hún sér að blaðamennsku og skáldskap.⁴ Fræðilegur bakgrunnur Kingsolver í náttúruvísindum og áhugi hennar á þeim efnun hefur líklega verið henni hvatning til þess að takast á við náttúruvána loftslagsbreytingar í skrifum sínum. Mörg fyrri verk hennar fjalla á einhvern hátt um tengsl manns og náttúru og má þar sérstaklega nefna bækur hennar *Animal Dreams* (1990), *Prodigal Summer* (2000) og *Animal, Vegetable, Miracle: A Year of Food Life*

¹ „Global Temperature“.

² Halldór Björnsson o.fl., *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018*, 8-9.

³ Tollefson, „Is the 2 °C world a fantasy?“.

⁴ Wagner-Martin, *Great Writers*, 46-47.

(2007). Gagnrýnendur hafa nýlega bent á að fyrsta skáldsaga Kingsolver, *The Bean Trees* (1988), tekst á við vistfémínisma. Einnig má greina áherslu á áhrif mannsins og náttúrunnar hvors á annað í ýmsum esseyjum, smásögum og ljóðum hennar.⁵ Enda þótt margar fyrri bóka hennar fjalli um tengsl manns og náttúru og litið sé á sumar þeirra sem klassísk vistrýniverk segir Linda Wagner-Martin, sem hefur skrifað mikið um Kingsolver, það ekki vera fyrr en með skáldsögunni *Flight Behavior* (2012) sem ekki verður um villst hvaða stefnu hún hefur tekið í fagurfræði sinni; að lýsa samsvörun hins mannlega lífs og hins náttúrulega.⁶

Samkvæmt Wagner-Martin hefur Kingsolver lýst því yfir að hún tilheyri hinum ýmsu stefnum, hún sé húanisti, fémínisti og umhverfissinni. Wagner-Martin telur þó að hún hafi ekki lagt nægilega ríka áherslu á það mikilvægasta, trú sína á að fólk geti bjargað heiminum.⁷ Kingsolver er sögð vera alin upp í þeirri trú að einstaklingurinn skipti máli og geti haft áhrif á veröldina í kringum sig.⁸ Því kemur ekki á óvart að náttúruunnandinn Kingsolver telji mikilvægt að nýta rödd sína til að lýsa þeirri hættu sem steðjar að náttúrunni, loftslagsbreytingum. Það gerir hún í verki sínu *Flight Behavior*.

Skáldsagan fjallar um Dellarobiu Turnbow, efnalitla heimavinnandi eiginkonu og tveggja barna móður í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Í upphafi sögunnar er hún á leið á fund við karlmann, með framhjáald í hyggju, þegar á vegi hennar verður náttúruundur. Um er að ræða milljónir kóngafiðrilda sem hafa safnast saman í dal á landareign fjölskyldunnar. Þetta kraftaverk, sem svo er kallað, reynist vera sorglegt merki um áhrif hlýnunar jarðar. Þroskasaga Dellarobiu fléttast saman við átakanlega sögu kóngafiðrildanna þegar Kingsolver dregur upp raunsæja og heildstæða mynd af yfirvofandi loftslagsvanda.

Í ljósi þess að loftslagsvandinn er afar aðkallandi vandamál er áhugavert að velta fyrir sér hvaða erindi bækur á borð við *Flight Behavior* eiga í umræðuna. Eins er forvitnilegt að kanna með hvaða hætti rithöfundar takast á við þessa aðsteðjandi hættu. Hér verður sjónum beint að hinni nýju bókmenntagrein loftslagsbreytingabókmenntum og hlutverki hennar, og verk Barböru Kingsolver verður tekið sem dæmi um hvernig höfundar vinna með náttúruvána í verkum sínum.

⁵ Wagner-Martin, *Barbara Kingsolver's World*, viii.

⁶ „It has taken her newest work, *Flight Behavior*, to clarify one of the primary directions of Kingsolver’s aesthetics, which is the congruence of human life with the natural“. Ibid., ix.

⁷ „When Barbara Kingsolver early in her writing career confessed to a number of *-isms*—humanism, feminism, environmentalism—[...] she may not have given enough emphasis to one of the most significant: her belief that people could save the planet.“ Wagner-Martin, *Great Writers*, 115.

⁸ „My parents always gave me to know I could make a difference—and I’d better make one“ Leder, *Seeds of Change*, 2.

2. Loftslagsbreytingabókmenntir og hlutverk þeirra

2.1. Ný bókmenntagrein verður til

Skáldsagan *Flight Behavior* eftir Barböru Kingsolver er flokkuð sem hluti af hinnu nýju bókmenntagrein loftslagsbreytingabókmenntum (e. *climate change fiction*). Vangaveltur um loftslag fóru að birtast í vísindaskáldskap um miðja 20. öld. Fyrstu skáldsögurnar sem taka á þessu efni komu fram á sjötta og sjöunda áratugnum, verk á borð við *The Drowned World* eftir J. G. Ballard og *The Lathe of Heaven* eftir Ursulu Le Guin. Undir lok níunda áratugarins var orðið meira um að höfundar kysu að semja skáldsögur sem fjalla um loftslagsbreytingar, og nefna má *The Sea and Summer* eftir George Turner frá 1987 og *The Parable of the Sower* eftir Octaviu Butler frá 1993 sem dæmi um verk sem komu út um það leyti. Eftir það hefur þeim fjölgað stöðugt. Mikil aukning varð árið 2008 og síðan þá hefur komið út fjöldi verka sem snúast um hnattræna hlýnun. Bandaríski fræðimaðurinn Adam Trexler getur sér þess til að endurkjör George W. Bush í embætti Bandaríkjaforseta hafi átt þátt í því, en þá þótti mönnum öll von úti um að Bandaríkin yrðu leiðandi í umhverfismálum.⁹ Einnig getur hugsast að þessi aukning tengist kvikmynd Als Gore, fyrrum varaforseta Bandaríkjanna, *The Inconvenient Truth*, frá 2006 sem fjallaði um tilraunir hans til að fræða fólk um hnattræna hlýnun.

Víða hefur skapast umræða um þessa nýju tegund bókmennta. Loftslagsbreytingabókmenntir eru í grunninn, eins og nafnið gefur til kynna, bókmenntir sem fjalla á einhvern hátt um loftslagsbreytingar. Þrátt fyrir að hnattræn hlýnun komi auðvitað fyrir í alls konar skáldskap, bæði ljóðum og prósa, virðist mest áhersla vera lögð á skáldsöguna í fræðilegri umræðu. Þessi flokkur skáldsagna er afar ósamstæður og nær inn á svið ýmissa bókmenntagreina. Því er ekki að undra að fræðimenn hafi farið að skoða þetta nýja fyrirbæri og leitast við að skilja það og skilgreina.

Adam Trexler gaf út bókina *Anthropocene Fictions: The Novel in a Time of Climate Change* árið 2015, og *Climate Change Fictions: Representations of Global Warming in American Literature* eftir Antoniu Mehnert kom út ári síðar. Með þessum verkum reyna fræðimennirnir að draga upp mynd af loftslagsbreytingabókmenntum. Adam Trexler kýs að tengja þessa nýju tegund skáldskapar við hugtakið *mannöld* (e. *Anthropocene*), nýtt jarðsögulegt tímabil sem talið er hafa tekið við af hólósentímabilinu, og talar því um mannaldarbókmenntir. Hann telur hugtakið, ólíkt hugtökunum *hnattræn hlýnun* og *loftslagsbreytingar*, gefa til kynna að nýtt fyrirbæri sé komið til að vera; nýtt tímabil sé hafið.¹⁰

⁹ Trexler, *Anthropocene Fictions*, 8.

¹⁰ *Ibid.*, 4-5.

Þessu nýja tímabili fylgja menningarlegar og félagslegar breytingar og ein þeirra er tilurð nýrrar bókmenntagreinar, loftslagsbreytingabókmennta. Antonia Mehnert notar hins vegar heitið loftslagsbreytingabókmenntir (e. *climate change fiction*), þegar hún kannar hvernig tólf bókmenntaverk takast á við loftslagsbreytingar.¹¹ Það heiti verður einnig notað í þessari ritgerð. Báðir þessir höfundar fjalla um verk Kingsolver, *Flight Behavior*, í tilraunum sínum til þess að skilgreina bókmenntagreininna og einkenni hennar.

Fræðimenn, útgefendur og bóksalar hafa löngum keppst við að flokka og skilgreina hinar ýmsu bókmenntagreinar til þess að auðvelda bæði fræðilega umfjöllun og ekki síður markaðssetningu. Þótt mörkin milli bókmenntagreina séu ekki alltaf skýr er viss tilhneiging til að vilja finna hverju verki samastað innan ákveðinnar greinar. Fyrsta vandamálið sem fræðimenn reka sig á þegar þeir fara að rannsaka loftslagsbreytingabókmenntir er því líklega að finna þeim stað í flokkunarkerfi skáldsagna. Nýtt fyrirbæri, eins og hér er um að ræða, krefst þess að það sé flokkað og skilgreint eins og aðrar greinar bókmenntanna. Til þess að hægt sé að eiga í samræðum um greininna þarf að komast að sameiginlegri niðurstöðu um eðli og einkenni fyrirbærisins. Því kemur ekki á óvart að slík umræða hafi skapast bæði innan fræðasamfélagsins, í fjölmiðlum og meðal almennings.

Adam Trexler lýsir leit sinni að bókmenntum um loftslagsbreytingar í inngangskafli sínum að *Anthropocene Fictions*. Hann segir að þá hafi komið í ljós mikið magn skáldskapar og að skáldsögurnar sem hann hafi rekist á hafi verið af ólíku tagi. Innan fagurbókmennta hafa höfundar á borð við Margaret Atwood, Ian McEwan, Jonathan Franzen og auðvitað Barböru Kingsolver fengist við viðfangsefnið. Hann nefnir einnig að höfundar vísindaskáldskapar hafi glímt við efnið auk þess sem það hafi ratað inn í ýmsar aðrar greinar skáldsagna, t.d. hrollvekjur, ástarsögur og unglingabækur.¹²

Ljóst er að fagurbókmenntir eru ekki fyrirferðarmestar af þeim bókmenntagreinum sem takast á við loftslagsbreytingar. Antonia Mehnert segir marga þá texta sem fjalla um loftslagsbreytingar sprottna úr fastmótuðum bókmenntagreinum eins og vísindasögum og hrollvekjum (e. *genre fiction*).¹³ Í leit Trexlers kom jafnframt í ljós að margar af bestu bókunum um loftslagsbreytingar voru felldar í einhvern þekktan flokk skáldsagna þegar þær voru markaðssettar.¹⁴

¹¹ Mehnert, *Climate Change Fiction*, 12.

¹² Trexler, *Anthropocene Fictions*, 7.

¹³ Mehnert, *Climate Change Fiction*, 40.

¹⁴ Trexler, *Anthropocene Fictions*, 10.

Þegar Trexler fór að kanna skáldsögur um loftslagsbreytingar þótti honum hreinlega vera „of mikið“ um vísindaskáldskap, þótt vissulega hafi fleiri bókmenntagreinar komið í ljós.¹⁵ Vísindaskáldskapur er afar áberandi þegar talað er um loftslagsbreytingabókmennir og ýmsar skýringar eru á því. Meðal annars hentar sú bókmenntagrein vel til þess að fjalla um framtíðina. Eðli loftslagsbreytinga býður tengingu við vísindaskáldskap einfaldlega heim. Í grein sinni „Climate Change Imaginaries? Examining Expectation Narratives in Cli-Fi Novels“ segja Whiteley, Chiang og Einsiedel bókmenntir um loftslagsbreytingar meðal annars eiga rætur að rekja til vísindaskáldskapar 20. aldar sem var innblásinn af kjarnorkugereyðingu, súru regni og götum á ósonlaginu.¹⁶ Þær telja vensl loftslagsbreytingabókmennta og vísindaskáldskapar byggjast á því að það síðarnefnda fjallar mikið um heimsendi, staðleysur (e. *utopia*) og ólandssögur (e. *dystopia*) og um heim sem fer í gegnum breytingar. Þær nefna einnig að bókmenntagreinar tengist vegna þess að vísindaskáldskapur geti dregið upp mynd af framtíð heimsins og tengt hnattræna ógn við líf einstaklinga.¹⁷ Vangaveltur um heimsendi eða að minnsta kosti miklar breytingar á veröldinni, sem eru algengar í vísindaskáldskap, eru óneitanlega liður í umræðunni um loftslagsbreytingar og því er auðvelt að sjá líkindi með þessum bókmenntagreinum.

Enda þótt ekki sé hægt að flokka allar loftslagsbreytingabókmenntir sem vísindaskáldskap telur Antonia Mehnert að færa megi rök fyrir því að höfundar slíkra verka nýti sér eitt af helstu einkennum vísindaskáldskapar, sem fræðimaðurinn Darko Suvin hefur gert grein fyrir.¹⁸ Það er hin svokallaða *nýlunda* (e. *novum*) sem er skilgreind sem eitthvað nýtt sem skotið er inn í þann heim sem við þekkjum og staðfest með skynsamlegri rökleiðslu. Nýlundan er eitthvert ákveðið fyrirbæri sem kemur fram í skáldverkinu eins og það sé raunverulegt og söguheimurinn er skapaður út frá þeirri forsendu. Þetta fyrirbæri gæti til dæmis verið geimvera, einhver uppgötvun eða ný tækni. Hver sem nýlundan er þarf hún að vera trúverðug samkvæmt þeirri vísindapekkingu sem við búum yfir í dag.¹⁹

¹⁵ „There was entirely too much science fiction, of course“. Trexler, *Anthropocene Fictions*, 6-7.

¹⁶ Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 30.

¹⁷ „[T]he intersections of climate change fiction and SF build on the latter’s interests in the apocalyptic and themes of the utopic/dystopic (Trexler & Johns-Putra, 2011; Trexler, 2015) and the understanding of the world through change“, „CF’s connections with SF are amplified through the latter’s ability to portray futures at planetary scales (Johns-Putra, 2010) and make connections between global threats and individual lives“. Ibid., 29.

¹⁸ Mehnert, *Climate Change Fiction*, 40.

¹⁹ „The novum, the intrusion of something new into a world not unlike our own and validated by cognitive logic, is a defining characteristic of SF (Suvin, 1979, p. 63). The novum could be an alien, a discovery, or a new technology, but it must be possible, an extrapolation of our current understanding of science“. Svec og Winiski, „SF and Speculative Novels“, 38.

Þó að ýmsar bækur sem fjalla um loftslagsbreytingar megi fella undir annað en vísindaskáldskap má leiða rök að því að þær nýti sér þetta einkenni bókmenntagreinarinnar, nýlunduna. Í bókmenntum um loftslagsbreytingar er gert ráð fyrir hnattrænni hlýnun og söguheimur skapaður í kringum hana. Mehnert segir að lesa megi heiminn, sem hefur breyst vegna loftslagsbreytinga, sem slíka nýlundu, og því megi flokka allar loftslagsbreytinga-bókmenntir sem vísindaskáldskap eða með víðari skilgreiningu sem getgátuskáldskap.²⁰ Getgátuskáldskapur (e. *speculative fiction*) er loðið regnhlífarhugtak yfir allar þær bókmenntagreinar sem á einhvern hátt bregða frá þeim raunheimi sem við þekkjum, þ.e. fantasíur, vísindaskáldskap og hryllingsbókmenntir og allar undirgreinar slíkra bókmennta svo og aðrar greinar tengdar þeim.²¹ Þegar hugtakið getgátuskáldskapur er notað í sínum víðasta skilningi er auðvelt að setja allar loftslagsbreytingabókmenntir undir þann hatt. Þær eru að vísu afar ólíkar en hver þeirra fjallar um breyttan veruleika, frábrugðinn því sem við þekkjum eða í það minnsta frábrugðinn þeim veruleika sem eðlilegur þykir.

Hægt er að flokka loftslagsbreytingabókmenntir sem getgátuskáldskap að einhverju leyti en þó er ljóst að loftslagsbreytingar eru ekki ímyndað vandamál eða fjarlægur veruleiki. Breytingar eru strax farnar að sjást á veðráttu, hitastigið er farið að hækka, jöklar farnir að bráðna, kóralrif deyja, ótal dýrategundir eru í útrýmingarhættu og svo mætti lengi telja. Þetta gerir það að verkum að bókmenntagreinin er að vissu leyti raunsæri en annar getgátuskáldskapur. Sá breytti heimur sem loftslagsbreytingabókmenntir lýsa er heimurinn sem við búum í eða að minnsta kosti sá heimur sem blasir við okkur í náinni framtíð. Þar sem loftslagsbreytingarnar eru ólíkar öllum öðrum fyrirbærum sem mannkynið hefur kynnst verða bókmenntaverk sem fjalla um þær breytingar að einhverju leyti ólík öðrum verkum. Því er ekki auðvelt og jafnvel ekki gerlegt að flokka þær sem undirgrein annarra bókmenntagreina.

Trexler nefnir að erfitt sé að flokka bókmenntir sem fjalla um loftslagsbreytingar í ákveðnar bókmenntagreinar vegna þess hvernig einkenni ólíkra greina skarast. Hann segir að fagurbókmenntir og vísindaskáldskapur renni saman, spennubækur séu óvenju raunsæjar og raunsæ lýsing á daglegu lífi verði að háðsádeilu, en með því er ef til vill átt við að slíkum lýsingum fylgi gagnrýni á ríkjandi ástand.²² Því er einfaldast að skilgreina þær sem sérstaka

²⁰ „[T]he climatically changed world in climate change fiction can be read as such a *novum* and thus would allow for a classification of these texts as science fiction or more generally speculative fiction“. Mehnert, *Climate Change Fiction*, 41.

²¹ Oziewicz, „Speculative Fiction“.

²² „[T]he narrative difficulties of the Anthropocene threaten to rupture the defining features of genre: literary novels bleed into science fiction; suspense novels have surprising elements of realism; realist depictions of everyday life involuntarily become biting satire“. Trexler, *Anthropocene Fictions*, 14.

bókmenntagrein. Fleiri hafa tekið undir þessa skoðun því að loftslagsbreytingabókmenntir hafa fengið gælunafnið „cli-fi“ sem vísar í styttinguna „sci-fi“ á ensku heiti vísindaskáldskapar (e. *science fiction*). Talið er að blaðamaðurinn Dan Bloom hafi fyrstur sett heitið fram árið 2007, en hann hefur átt mikinn þátt í að koma því á kortið með vefsíðu sinni, *The Cli-Fi Report*.²³ Hugtakið hefur, samkvæmt Mehnert, til dæmis birst í ýmsum greinum á vefnum, á hillum bókaverslana og í virkum hóp á samfélagsmiðlinum Facebook. Eins og fram hefur komið eru viss tengsl milli bókmenntagreinanna tveggja, vísindaskáldskapar og loftslagsbreytingabókmennta, og því kemur þessi vísun ekki á óvart. Þó er ljóst að verk sem fjalla um loftslagsbreytingar eru ekki endilega vísindaskáldskapur og að bókmenntagreinin er ekki undirgrein vísindaskáldskapar. Loftslagsbreytingar eru efniviður fyrir ýmsar bókmenntagreinar.

Höfundar velja ólíkar leiðir til að takast á við umfjöllunarefnið loftslagsbreytingar. Sum verkanna lýsa fjarlægri framtíð og fjalla um veröld sem er afar ólík þeirri sem við þekkjum. Önnur eru staðsett nær okkur í tíma og rúmi. *Flight Behavior* er eitt þeirra verka sem lýsa samtímanum. Þótt vissulega séu vísindi í forgrunni og fjallað sé um fyrirbæri í náttúrunni sem er ekki raunverulegt (en gæti þó orðið það) heyrir *Flight Behavior* frekar undir fagurbókmenntir en vísindaskáldskap. Samfélagið í Appalásíufjöllunum í Tennessee, sem lýst er í verkinu, gæti vel verið raunverulegt. Kingsolver fléttar stéttaskiptingu, femínisma, trú og innflytjendamál saman við meginþema verksins, loftslagsbreytingar, og tengir þannig raunheiminn við þessa ógnvekjandi náttúruvá. Hún skoðar ýmis vandamál samtímans og parar þau við loftslagsvandann og byggir þar með upp kunnuglegan heim.

Að undanskilinni óvenjulega mikilli úrkomu og leit kóngafiðrilda að nýjum heimkynnum er söguheimur Kingsolver laus við stórvægilegar afleiðingar loftslagsbreytinga. Þessar breytingar, úrkoman og flótti fiðrildanna, eru afar trúverðugar og hafa jafnvel átt sér stað sums staðar í heiminum. Því er skáldsagan raunsæisverk. Hins vegar má tengja *Flight Behavior* við vísindaskáldskap ef litið er á hnattræna hlýnun, hvernig sem hún kemur fram, sem dæmi um hina svokölluðu nýlundu, eins og Antonia Mehnert telur að megi gera við heiminn sem hefur breyst vegna hennar. Það að líta á loftslagsbreytingar sem nýlundu gerir manni kleift að flokka slíkar bókmenntir sem vísinda- eða getgátuskáldskap. Kingsolver gerir ráð fyrir að hnattræn hlýnun sé staðreynd og lætur hana hrinda atburðarásinni af stað. Það virðist Mehnert telja nægilegt til að færa megi rök fyrir að Kingsolver nýti sér nýlundu.

²³ Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 29. Trexler, *Anthropocene Fictions*, 8.

Það er þó heldur langsótt að halda því fram að verk Kingsolver líkist vísindaskáldskap. Fyrirnefndar afleiðingar loftslagsbreytinga í verki Kingsolver eru nokkuð smávægilegar og ekki einungis uppspuni því að breytingar af þessu tagi eru þekktar. Því er ekki hægt að fella *Flight Behavior* undir skilgreininguna á vísindaskáldskap. Þetta er dæmi um það hvernig loftslagsbreytingar má að einhverju leyti út skilin milli bókmenntagreina eins og Adam Trexler hefur haldið fram. *Flight Behavior* er raunsæisverk sem gerist í hinum „venjulega“ heimi en af því að það fjallar um loftslagsbreytingar tengist það vísinda- eða getgátuskáldskap vissum böndum.

Bandaríski bókmenntafræðingurinn Caren Irr nefnir Barböru Kingsolver sem dæmi um höfund sem hafi kosið að fjalla um loftslagsbreytingar innan hins raunsæislega ramma. Hún segir að sumum höfundum hafi tekist vel að leita fram á veginn til þess að gera sér í hugarlund upplifun manna af jörðinni í skýrt afmörkuðu og nútímalegu afbrigði af slíkum ramma. Hún nefnir sem dæmi að Kingsolver blandi saman áhuga sínum á lífrænum kerfum og sálfræði kvenna.²⁴ Þannig skapar Kingsolver heim þar sem loftslagsbreytingar blandast öðrum vandamálum sem eru þekktar í samtímanum, svo sem kvenréttindum og stéttaskiptingu.

Loftslagsbreytingar eru hafnar og munu halda áfram að hafa áhrif á veröldina og það gerir þá framtíðarspá sem kemur fram í bókmenntaverkunum raunsæja. Þær tilheyra þó ímyndunaraflinu að hluta til þar sem áhrif þeirra eru ekki að öllu leyti komin fram. Í slíkum verkum er þó verið að spá fyrir um framtíð sem er vel möguleg, ekki framtíð sem verður líklega aldrei. Það þýðir að þótt bókmenntagreinin hafi svipaða eiginleika og vísinda- eða getgátuskáldskapur og lýsi ekki alltaf raunverulegum atburðum einkennir visst raunsæi skáldsögur um loftslagsbreytingar.

Hér að framan hefur komið fram að loftslagsbreytingabókmenntir eru sérstök bókmenntagrein sem líkist vísindaskáldskap en máir þó út skil milli bókmenntagreina, m.a. með raunsæri frásögnum. Nú er vert að reyna að átta sig á fleiri einkennum þeirra. Í grein Caren Irr, „Climate Fiction in English“, leitast hún við að lýsa þeim. Hún segir tilraunir til þess að ímynda sér áhrif loftslagsfræðilegra breytinga á líf manna og skilning einkenna bókmenntagreina. Slík verk séu ýmist látin gerast í fortíð, nútíð eða náinni framtíð. Telur hún stíl og raddir greinarinnar vera margbreytilegar en oft sé sjónarhorn vísindamanna í forgrunni. Það á til dæmis við um verk Kingsolver þar sem ein aðalpersónanna er vísindamaðurinn Ovid Byron. Irr segir söguviðið vera afar mikilvægt í loftslagsbreytingabókmenntum og atburðir í slíkum verkum leiði oft til átakamikilla breytinga á því. Hún nefnir að flóð séu til dæmis algeng, sem kemur

²⁴ Irr, „Climate Fiction in English“, 12-13.

heim og saman við atburðarás *Flight Behavior*.²⁵ Þessi lýsing Irr skilgreinir loftslagsbókmenntir ekki þröngt og ljóst er að sögur sem snúast um veðurfarabreytingar eru afar fjölbreytilegur flokkur skáldsagna þótt þær megi setja undir einn hatt þar sem þær fjalla allar um hnattræna hlýnun á einn eða annan hátt. Að því sögðu er vert að velta því fyrir sér hvaða hlutverki þessi nýja bókmenntagrein gegnir í umræðunni um loftslagsmál.

2.2. Hlutverk bókmennta í umræðunni um loftslagsmál

Axel Goodbody vekur athygli á því að þrátt fyrir að mikið geti munað um hálftrar gráðu hækkun á áratug á meðalhitastigi hnattarins þá geti einstaklingurinn ekki greint slíka hækkun. Hann segir erfitt að átta sig á áhrifunum og ímynda sér framtíðarafleiðingar einhvers sem maður tekur ekki eftir dags daglega og hefur helst áhrif á fólk í fjarlægum löndum.²⁶ Barbara Kingsolver leggur einnig áherslu á þetta skilningsleysi. Hún telur erfitt að trúa á fyrirbæri sem við sjáum ekki og erfitt að trúa því að veröldin sé ekki eins og hún hefur alltaf verið.²⁷ Út frá þessum fullyrðingum er ekki fráleitt að velta fyrir sér hvort bókmenntir geti haft áhrif á skilning almennings á loftslagsbreytingum.

Margir telja hins vegar að lausn á loftslagsvandannum sé að finna í vísindum og því eigi umræðan um vandamálið að vera í höndum vísindamanna en ekki í afþreyingu á borð við skáldsögur. Antonia Mehnert fjallar um tengsl vísinda og menningar í loftslagsumræðunni í inngangskafli bókar sinnar *Climate Change Fictions*. Hún segir að loftslagsbreytingar séu taldar vandamál sem eingöngu er ætlað náttúruvísindum og verkfræði en menningarlegar frásagnir af loftslagsbreytingum séu virtar að vettugi í almennri umræðu. Hún kennir þeirri trú að náttúra og menning séu algjörlega aðskilin fyrirbæri um að vísindin drottni yfir umræðu um loftslagsbreytingar.²⁸ Vissulega má ætla að til þess að leysa loftslagsvandann þurfi tækni og vísindi. Það þarf þó ekki síður pólitískar og félagslegar breytingar á heimsvísu. Loftslagsbreytingar eru til komnar vegna þeirra lífshátta sem mannkynið hefur tamið sér, sérstaklega í

²⁵ Irr, „Climate Fiction in English“, 2.

²⁶ „[W]hile a rise of half a degree centigrade in the global average temperature over a decade may be hugely significant, it is not detectable by the individual. It is difficult to either grasp the current impact or imagine the future consequences of something whose manifestations in our daily life are sporadic and which principally affects others in far-away countries“. Goodbody, „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction“, 2.

²⁷ Walsh, „Barbara Kingsolver on Flight Behavior and Why Climate Change Is Part of Her Story“.

²⁸ „However, cultural narratives of climate change are often disregarded in the public discussion. [...] [C]limate change is considered an issue of concern solely for natural sciences and engineering practices. [...] The disciplinary divide based on the firm belief that nature and culture are separate entities has, consequently, ensured a long-lasting dominance of science in climate change discourses“. Mehnert, *Climate Change Fiction*, 4.

hinum vestræna heimi, og því á vandamálið að einhverju leyti erindi við samfélagið í heild, ekki einungis vísindasamfélagið.

Mehnert nefnir einnig að á síðustu árum hafi fræðimenn úr hugvísindum og félagsvísindum í auknum mæli snúið sér að loftslagsbreytingum.²⁹ Það sama má segja að sé uppi á teningnum hjá listamönnum. Öll list er í einhverri samræðu við samfélagið og samtímann þótt sú samræða sé misáberandi. Hlutverk listar er að miklu leyti það að bregðast við samtíma sínum og ríkjandi ástandi í samfélaginu. Í verkum rithöfunda má oft greina slík viðbrögð. Því er ekki að undra að eitt helsta áhyggjuefni okkar tíma rati inn í samtímaskáldskap. Höfundar slíkra verka hljóta að telja bókmenntir eiga erindi inn í þessa annars vísindalegu umræðu og er nokkuð til í þeirri ályktun.

Bókmenntir hafa það fram yfir vísindin, sem byggja á staðreyndum, að geta auðveldlega miðlað getgátum um framtíðina til almennings og gert þær hugmyndir aðgengilegar. Mehnert segir mikilvægi bókmennta í þessari umræðu liggja í hæfni þeirra til að draga upp mynd af framtíðinni.³⁰ Adam Trexler bendir á að hugmyndir um hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga séu spár, ekki staðreyndir.³¹ Mehnert kemst vel að orði þegar hún heldur því fram að þar sem vísindatextar innihaldi óhjákvæmilega spár og hafi þar með ímyndaðar hliðar megi kalla þá „vísinda-skáldskap“ (e. *science fiction*).³² Með þessum orðaleik vísar hún glettnislega í tengsl skáldskapar og vísindalegrar umræðu um loftslagsmál sem eru ef til vill meiri en menn kynnu að halda.

Vísindi sem fást við loftslagsmál snúast að einhverju leyti um það að spá fyrir um framtíðina og draga upp mynd af þeim heimi sem gæti blasað við okkur í náinni og fjarlægri framtíð. Trexler telur því að umræða um loftslagsbreytingar hafi einkennst af vandamálum tengdum sönnunargögnum, framsetningu og trú.³³ Þar sem fræðileg umræða byggist að miklu leyti á getgátum getur verið erfitt fyrir hinn almenna borgara að átta sig á stöðu mála. Sú krafa að vísindin eigi að koma fram með skýr svör hindrar þau í að fræða samfélagið um loftslagsbreytingar. Útreikningar og líkön vísindamanna, sem koma fram í skýrslum, ná ef til vill ekki til fólks og því sópar það vandamálinu undir teppið og afneitar því, að minnsta kosti

²⁹ Mehnert, *Climate Change Fiction*, 7-8.

³⁰ „The importance of literature for the discussion of climate change lies precisely in its potential to offer imaginaries for the unfamiliar realm of the future“. Ibid., 8.

³¹ Trexler, *Anthropocene Fictions*, 1.

³² „Yet in the case of climate change, there is a prognostic and therefore imaginative dimension inherent in scientific texts, and especially in emission scenarios, which for this reason, rather polemically, could be called “science fictions”“. Mehnert, *Climate Change Fiction*, 4.

³³ „Public discussions about climate change have been dominated by issues of evidence, representation, and belief“. Trexler, *Anthropocene Fictions*, 3.

að hluta til, ef ekki með öllu. Jafnvel þeir sem sannfærðir eru um tilvist loftslagsbreytinga eiga erfitt með að átta sig nákvæmlega á áhrifum þeirra þegar fram líða stundir. Bókmenntir geta hins vegar verið mikilvægar í loftslagsumræðu samtímans, eins og fram kemur hér á eftir, því að þær miðla því til almennings sem vísindin geta ekki komið til skila.

Mehnert segir að bókmenntir séu mikilvægt framlag til skilnings okkar á loftslagsbreytingum þar sem þær sýni hvernig næstu kynslóðir gætu lagað sig að loftslagsbreytingum eða gæti mistekist það. Hún telur að miðlar á borð við bókmenntir og listir, sem hafa þann eiginleika að geta gagnrýnt samfélagið og fengið lesendur til að átta sig á framtíðinni, séu afar mikilvægir. Eins draga slíkir miðlar fram mikilvægar siðferðilegar vangaveltur.³⁴

Trexler tekur undir það að skáldskapur hafi vissa sérstöðu sem gagnist í umræðu um loftslagsmál. Hann nefnir að óskálduð verk (e. *non-fiction*), á borð við fræðirit, hafi ekki þann eiginleika skáldsögunnar að geta rannsakað þá tilfinningalegu og fagurfræðilegu lífsreynslu sem fylgir þessum nýju tímum.³⁵ Loftslagsbreytingar eru ekki einungis vandamál sem snýr að náttúrunni heldur að mannkyninu í heild. Með loftslaginu breytist nefnilega fleira en umhverfið. Samfélagið sem við þekkjum mun taka breytingum sem enginn veit í raun og veru hverjar verða. Hnatræn hlýnun mun hafa áhrif á pólitískt landslag og félagslegt umhverfi engu síður en hún hefur áhrif á náttúruna. Trexler segir hér um bil allan mannaldarskáldskap, sem hér er kallaður loftslagsbreytingabókmenntir, taka fyrir þá spennu sem ríkir milli tilvistar hnatrænnar hlýnunar og þess að menn hafa brugðist þeirri skyldu sinni að bregðast við. Undir þessum kringumstæðum segir Trexler skáldskap bjóða fram miðil til þess að útskýra, spá, sárþæna og harma.³⁶ Pólitísk, félagsleg og tilfinningaleg átök koma við sögu sem ekki er hægt að lýsa í fræðilegum texta jafn auðveldlega og í bókmenntatexta.

Það er í raun tvennt sem gerir bókmenntir hentugar til þess að fjalla um loftslagsbreytingar. Annars vegar er það geta þeirra til að fjalla um eitthvað óraunverulegt. Bókmenntaformið gerir manni kleift að fjalla um framtíðina á aðgengilegri hátt en í öðrum skrifum. Getgátur og spár, sem draga úr trúverðugleika vísindalegrar orðræðu í augum almennings, eiga vel heima í skáldsögum. Hins vegar hefur skáldskapur það fram yfir vísindatexta að geta fjallað um þær menningarlegu, félagslegu og sálfræðilegu breytingar sem fylgja loftslagsbreytingum. Með

³⁴ Mehnert, *Climate Change Fiction*, 2-3.

³⁵ „[T]hey also lack the novel’s capacity to interrogate the emotional, aesthetic, and living experience of the Anthropocene“. Trexler, *Anthropocene Fictions*, 6.

³⁶ „To date, nearly all Anthropocene fiction addresses the historical tension between the existence of catastrophic global warming and the failed obligation to act. Under these conditions, fiction offered a medium to explain, predict, implore, and lament“. *Ibid.*, 9.

Þessu tvennu getur skáldsagan sett fyrirbærið í samhengi fyrir lesendur og gert þeim kleift að öðlast skilning á efninu.

Auk þessara tveggja eiginleika skáldskapar gerir eitt atriði enn hann að hentugum miðli í umræðunni um loftslagsmál. Loftslagsbreytingar eru vandamál alls heimsins og þær eru til komnar vegna fortíðar en framtíðin ein mun leiða í ljós hvaða áhrif það mun hafa á líf á jörðu. Mehnert nefnir að bókmenntir henti sérstaklega vel til þess að lýsa slíku fyrirbæri.³⁷ Það getur verið erfitt að átta sig á fyrirbæri sem nær í senn yfir langan tíma og yfir allan hnöttinn. Höfundar skáldsagna geta leitt saman fortíð og framtíð á aðgengilegan hátt og dregið upp mynd af heiminum sem einni heild. Barbara Kingsolver gerir það síðarnefnda afskaplega vel í verkinu *Flight Behavior*.

Það má sjálfsagt efast um að skáldsögur um loftslagsbreytingar hafi veruleg áhrif á lesendur sína, opni augu þeirra fyrir vandanum og veki með þeim þann kvíða sem þarf til þess að þeir átti sig á alvarleika málsins. Whiteley, Chiang og Einsiedel nefna, til dæmis, að skiptar skoðanir séu um það hvort heimsendafrásagnir hafi góð áhrif á almenning, fái hann til að aðhyllast aðgerðastefnu og veki hugsanlega ótta hjá fólki sem er fullt efasemda. Sumir segja að slíkum frásögnum takist ekki að hvetja almenning til að taka þátt í baráttunni við þessa vá.³⁸ Í greininni „A Look at the Growing Genre of Climate Fiction“ á vef *Scientific American* koma fram vangaveltur um að ólandssögur um loftslagsbreytingar misnoti vandamálið á vissan hátt sem góða fléttu og hafi í raun engin sérstök áhrif á umræðuna. Þar er *Flight Behavior* þó nefnd sem dæmi um skáldverk sem tekur á vandamálinu á réttan hátt, gerir það persónulegt og áþreifanlegt.³⁹

Þó er ljóst að bókmenntir geta verið handhægur miðill til þess að koma til skila flóknu fyrirbæri á borð við hlýnun jarðar. Mehnert telur það að lesa skáldsögur samhliða vísindatextum veita nýja innsýn í þetta fyrirbæri þar sem þær geti varpað ljósi á mannlega baráttu og áður ókunn sjónarhorn.⁴⁰ Bókmenntir hafa ýmis verkfæri til þess að miðla þessum breytingum þar sem þær ná yfir fjölbreytt svið. Trexler telur loftslagsbókmenntir geta tjáð menningarfrásagnir (e. *cultural narratives*), skapað nákvæmar tilgátur, náð utan um fjölbreytt

³⁷ Mehnert, *Climate Change Fiction*, 9.

³⁸ Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 31.

³⁹ „A Look at the Growing Genre of Climate Fiction“.

⁴⁰ „When dealing with complex issues, turning to cultural imaginaries like novels, and reading them alongside scientific writing, provides new insights because they reveal the intimate aspects of human struggles and bring formerly unacknowledged perspectives to light“. Mehnert, *Climate Change Fiction*, 55.

sjónarhorn og fjallað um fjölda fyrirbæra, frá lífverum til véla, staða og veðurkerfa.⁴¹ Eitt verk getur innihaldið alla þessa ólíku þætti og því er ljóst að þær henta vel til þess að skýra vandamálið fyrir almenningi.

List gegnir mikilvægu hlutverki sem afl sem getur mótað hugsun. Axel Goodbody heldur því fram að það að segja, hlusta á, skrifa og lesa sögur um umhverfisvá og viðhorf til hennar geti flýtt fyrir viðhorfsbreytingum. Sögurnar stuðla að því að almenningur tileinki sér gagnrýnið hugarfar í umhverfismálum og átti sig á mögulegum breytingum og þörfinni fyrir breytingar með hjálp hins bókmenntalega ímyndunarafis.⁴² Að þessu sögðu er forvitnilegt að skoða skáldsögu Barböru Kingsolver, *Flight Behavior*, og kanna hvernig því verki tekst að skýra þetta flókna fyrirbæri fyrir lesendum.

⁴¹ „Climate fiction can convey cultural narratives, create detailed speculation, incorporate diverse points of view, and hold a multitude of things, from species to machines, places to weather systems“. Trexler, *Anthropocene Fictions*, 27.

⁴² „I argue that telling and listening to, writing and reading such stories about environmental risks and our attitudes towards them can facilitate a change of attitudes and action, both by contributing to the public’s critical awareness of arguments about environmental risks, and by creating a sense of the feasibility of change and the need for it through the power of literary imagination“. Goodbody, „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction“, 4-5.

3. Flight Behavior

Skáldsagan *Flight Behavior* er eitt þeirra lykilrita á sviði loftslagsbreytingabókmennta sem hafa komið fram á síðustu árum. Helsta einkenni verksins er tilraun höfundarins til þess að draga upp skýra mynd af breytingunum, bæði á náttúrunni og hinum félagslegu þáttum, og tengja þær einstaklingnum. Linda Wagner-Martin segir Kingsolver hafa komið fyrir lýsingum á við og dreif um verkið sem hjálpa lesandanum að skilja flókin ferli hnattrænnar hlýnunar.⁴³ Það á jafnt við um þau ferli sem snúa að umhverfi og loftslagi og þau sem tengjast mannlegum og félagslegum skilningi á vandamálinu. Hún leiðir saman hinn flókna vef hugmynda og náttúrufrýrbæra sem koma við sögu í loftslagsbreytingum og skapar þannig heim sem gerir lesandanum auðveldara fyrir að átta sig á vandamálinu. Hún dregur fram þau áhrif sem loftslagsbreytingar hafa á náttúruna, segir frá ólíkum viðhorfum samfélagsins til þeirra og nýtir aðalpersónu sögu sinnar, Dellarobiu, til þess að sýna hvernig einstaklingurinn upplifir hnattræna hlýnun.

Antonia Mehnert segir loftslagsbreytingar vera fullkomið dæmi um náttúruvá sem nær út yfir öll landamæri og að til þess að skilja þær þurfi nýja tegund hugsunar, hugsun sem gæti krafist hnattrænnar meðvitundar.⁴⁴ Hún telur að *Flight Behavior* sýni að náttúra og menning móti hvor aðra, án tillits til landamæra, og leggi þar með áherslu á að hið staðbundna eigi alltaf að skoða í samhengi við gang hins hnattræna. Þá fyrst segir hún hnattræna meðvitund um loftslagsbreytingar geta sprottið upp.⁴⁵ Því er áhugavert að skoða hvernig Kingsolver tekst að sýna þessa þrjá þætti, náttúruna, samfélagið og einstaklinginn, í hnattrænu samhengi.

3.1. Ónáttúruleg náttúra

3.1.1. Veðráttu

Það fyrsta sem Kingsolver gerir til þess að draga hið hnattræna inn á svið hins staðbundna er að sýna söguvið sitt og aðstæðurnar þar sem hluta af stærra samhengi. Söguviðið sem hún hefur valið *Flight Behavior* er bóndabær Turnbow-fjölskyldunnar í Suðurríkjum Bandaríkjanna, nánar tiltekið í Tennessee. Fjölskyldan lifir á landinu sem hún ræktar og beitir sauðfé

⁴³ „Narratively, Kingsolver has seeded the novel with many descriptions that help the reader understand the complicated progress of the planet’s warming“. Wagner-Martin, *Barbara Kingsolver's World*, 7.

⁴⁴ „Climate change is the epitome of a deterritorialized environmental crisis. [...] [A]n understanding of “global climate change” requires a new way of thinking—one that may involve the development of a global consciousness“. Mehnert, *Climate Change Fiction*, 53.

⁴⁵ *Ibid.*, 56.

sínu á. Fyrir bændur á borð við Turnbow-fólkið skiptir veðráttan sköpum. Afkoma þeirra byggist á því að landið sé frjósamt og veðrið hefur mikið um það að segja.

Strax í upphafi bókarinnar fara að læðast inn athugasemdir um veðráttu undanfarinna ára sem er ólík því sem áður hafði verið. Endalaus rigning einkennir sumarið og það hefur áhrif á allan gróður á landareigninni. Blómabeðin hafa skolast burt og það hefur garðurinn í heild gert líka.⁴⁶ Rigningasöm sumur og mildir vetur hafa borið með sér nýjar plágur sem herja á trjágróður á svæðinu og heyskapurinn hefur ekki gengið sem skyldi.⁴⁷ Ekkert varð úr hinum venjulega sumarhita og kuldinn virðist heldur ekki ætla að láta á sér kræla þegar vetrar. Söguhetjan Dellarobia segir veröld greinilegra árstíða hafa liðið undir lok.⁴⁸ Í ljós kemur að þessar breytingar á veðráttu má líklega rekja til loftslagsbreytinga. Með þessu sýnir Kingsolver hvernig hlýnun jarðar hefur áhrif á aðstæður venjulegs fólks.

Þegar vetur gengur í garð líkist hann ekki vetri heldur einkennist einungis af enn meiri rigningu,⁴⁹ en úrkoman þennan desembermánuð er engu lík; eins og hellt sé úr fötu og því ekki að undra að Preston gefi upp vonina um hvít jól og spyrji móður sína Dellarobiu hvort jólasveinninn kunnir að sigla bát.⁵⁰ Fossar, sem aldrei hafa sést áður, fara að renna niður hlíðarnar fyrir ofan heimili fjölskyldunnar.⁵¹ Flóð verða í næsta nágrenni og samhliða því verða vísanir í Nóafloð Biblíunnar áberandi í frásögninni.

Loks frystir og það fer að snjóá, en leysingarnar um vorið valda miklu flóði á landareign Turnbow-fjölskyldunnar, sem lýst er í dramatískum sögulokunum og skilja lesandann eftir í lausu lofti. Adam Trexler segir flóð vera ráðandi stílbragð í frásögnnum af þessu tagi; þau séu áþreifanleg og raunveruleg áhrif af loftslagsbreytingum og því séu þau góð leið til þess að varpa ljósi á afleiðingar þeirra á afmörkuðum svæðum.⁵² Whiteley, Chiang og Einsiedel benda á að auk þess að loftslagsbreytingabókmenntir séu sprotnar úr vísinda- og getgátuskáldskap megi einnig rekja þær til gamalla sögusagna, t.d. til hinnar kristnu sögu um syndaflóðið í fyrstu Mósebók.⁵³ Goodbody segir fyrrnefnt lokaatriði *Flight Behavior* einmitt minna á guðlega

⁴⁶ Kingsolver, *Flight Behavior*, 17.

⁴⁷ Ibid., 12, 38.

⁴⁸ Ibid., 49.

⁴⁹ Ibid., 84.

⁵⁰ Ibid., 123.

⁵¹ Ibid., 124.

⁵² „[T]he dominant literary strategy for locating climate change has been the flood“. Trexler, *Anthropocene Fictions*, 82.

⁵³ „While primarily motivated by our current climate crisis, such writing also has its roots in ancient myths and parables such as Christianity’s story of the Flood in the book of Genesis, as well as in science and speculative fiction from the past century inspired by nuclear holocaust (Brians 1987, Dowling 1986) acid rain and holes in the ozone (Gold, 2001; Trexler, 2015)“. Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 30.

refsingu.⁵⁴ Þetta er dæmi um hvernig bóndabær fjölskyldunnar verður táknmynd fyrir fall heimsins eftir að mannkynið hefur farið illa að ráði sínu í umhverfismálum. Spurningar vakna hjá lesandanum um hverjir, ef þá einhverjir, muni lifa flóðið af.

Fram kemur að hliðstæðir atburðir hafa áður gerst í Mexíkó og það sýnir hvernig þessar breytingar á veðráttu eru ekki einsdæmi heldur eru hluti af breytingum á loftslagi, þ.e. hnattrænni hlýnun. Það að sömu einkenni sjáist bæði í Tennessee og Mexíkó er dæmi um hvernig Kingsolver lýsir loftslagsbreytingum sem vandamáli sem nær út yfir landamæri. Almennigur um allan heim verður fyrir áhrifum.

Kingsolver velur söguhetjum sínum aðstæður sem eru ekki svo fjarri okkur. Hún sýnir hvernig breyting á veðráttu getur haft alvarleg áhrif á líf fólks; þurrkar og flóð stofna lífsviðurværi manna í hættu. Þar með gerir Kingsolver hugmyndina um áhrif loftslagsbreytinga aðgengilega almenningi sem sér ekki kóralrifin deyja eða heimskautaísinn bráðna. Hún færir vandamálið heim í stofu, bæði heim í stofu söguhetjunnar Dellarobiu og heim í stofu lesandans. Veðurfarsbreytingarnar á landareign fjölskyldu Dellarobiu virðast smávægilegar og tilviljana-kenndar í fyrstu en þær reynast vera hluti af stærra vandamáli. Sagan af þessari landareign verður eins konar táknmynd fyrir áhrif loftslagsbreytinga á heiminn í heild.

3.1.2. Kóngafiðrildi

Það eru ekki einungis mennirnir sem verða fyrir barðinu á hnattrænni hlýnun. Adam Trexler nefnir að merkilega lítið af loftslagsbókmenntum fjalli um tjón á líffræðilegum fjölbreytileika, en ein þeirra fáu bóka sem gera það á áhugaverðan hátt er *Flight Behavior*.⁵⁵ Afar smáar en engu að síður mikilvægar persónur skáldsögunnar, kóngafiðrildin, eru bundnar veðráttunni órjúfanlegum böndum. Einn af eftirminnilegustu atburðunum í sögunni er þegar söguhetjan Dellarobia gengur upp í hliðina fyrir ofan heimili sitt, með það að markmiði að vera manni sínum ótrú; þá verður á vegi hennar eldrautt haf fiðrilda sem ekki hafa sést áður á landareigninni.

Dellarobia kemst að því hvaðan fiðrildin eru þegar hún fær mexíkanska fjölskyldu, sem ber nafnið Delgado, í heimsókn. Fjölskyldan þekkir fiðrildin frá sínum heimaslóðum og hefur lagt á flóttu eins og þau. Kóngafiðrildin hafa hrakist frá vetrarheimkynnum sínum í Mexíkó vegna breytinga á veðurfari þar. Aurskriður og flóð, af völdum loftslagsbreytinga, hafa orðið til þess að heimkynnin í Mexíkó eru gjörbreytt og henta fiðrildunum ekki lengur. Þau hafa því

⁵⁴ Goodbody, „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction“, 20.

⁵⁵ Trexler, *Anthropocene Fictions*, 78.

þurft að leita á önnur mið. Þetta árið hafa þau vetursetu í suðurhluta Appalasiúfjalla, nánar tiltekið á landareign Turnbow-fjölskyldunnar. Delgado-fjölskyldan og fiðrildin eiga það sameiginlegt að hafa neyðst til að yfirgefa Mexíkó og leita sér verndar í Tennessee. Wagner-Martin segir heimsókn Delgado-fjölskyldunnar vera lyklatríði í fléttu verksins þar sem það veiti Kingsolver tækifæri til þess að lýsa róttækum loftslagsbreytingum sem neyða lifandi verur til þess að skipta um heimkynni.⁵⁶ Hún bendir þannig á þann flóttamannavanda sem getur stafað af hnattrænni hlýnun. Fiðrildin vekja fyrst athygli Dellarobiu vegna fegurðar sinnar en þegar hún áttar sig á því að þau eru á flóttu vegna hræðilegrar ógæfu hverfur fegurðin í hennar augum.⁵⁷

Staðurinn sem fiðrildin hafa valið sér þennan veturinn hentar þeim ekki að öllu leyti þar sem hitastigið er lægra í Appalasiúfjöllum en í Mexíkó og því hættu á að frostið geri út af við þau. Spennan magnast þegar vísindamaðurinn Ovid Byron og Dellarobia fylgjast með afdrifum fiðrildanna. Þegar frystir og fiðrildin hverfa undir snjóbreiðu virðist lítil von vera um að stofninn lifi af. Rannsóknir Byrons snúast að miklu leyti um að reyna að koma tölu á hve stór hluti fiðrildanna sé enn á lífi. Lokalínur verksins lýsa því hvernig Dellarobia, í miðju flóðinu, horfir á fiðrildin hefja sig til flugs í átt til nýrra heimkynna og þá sér hún hve mörg þeirra hafa lifað af veturinn. Viss von felst í þessu flugi fiðrildanna þrátt fyrir að útlitið sé ekki gott fyrir Dellarobiu og aðrar persónur sögunnar.

Í verki Kingsolver, *Flight Behavior*, verður náttúran að einni heild. Fiðrildin tengja saman landssvæði sem annars væru alveg ótengd. Ferðalag þeirra frá Mexíkó til Tennessee sýnir hvernig lífríki á ólíkum stöðum eru háð hvort öðru og hafa áhrif hvort á annað. Mehnert segir að breytingin á heimkynnum fiðrildanna verði ekki útskýrð nema hún sé skoðuð í samhengi við hina hnattrænu heild.⁵⁸ Þetta kemur heim og saman við hugmyndir Mehnert um að nýjar leiðir þurfi til þess að hugsa um vandamál sem sé ekki staðbundið heldur nái yfir allan heiminn. Kingsolver tekst að leiða saman ólíkar lífverur og ólíka staði á hnettinum og sýna tengsl þeirra á áhrifaríkan hátt. Þar með tekst henni að búa til hnattræna vitund innan söguheimsins sem nær vel til lesandans.

⁵⁶ Wagner-Martin, *Barbara Kingsolver's World*, 8.

⁵⁷ Kingsolver, *Flight Behavior*, 143.

⁵⁸ Mehnert, *Climate Change Fiction*, 60, 68.

3.2. Orðræða og ólík viðhorf

3.2.1. Vanþekking og afneitun

Linda Wagner-Martin nefnir að Barbara Kingsolver gefi skoðanir sínar skýrt til kynna í verkum sínum.⁵⁹ Í *Flight Behavior* leyfir hún þó ólíkum röddum bandaríksks samfélags að heyrast. Þótt hún fari ekki leynt með hvaða raddir hún sjálf telur eiga skilið mestan hljómgrunn þá mæta allar skoðanirnar skilningi og samúð. Með verkinu leiðir Kingsolver saman ólík viðhorf fólks úr hinum ýmsu samfélagshópum og Wagner-Martin segir hana nýta stutt samtöl til þess að lýsa þeim.⁶⁰ Það verða árekstrar milli þeirra sem eru upplýstir um hnattræna hlýnun og þeirra sem vita ekki um hvað málið snýst eða afneita henni alfarið. Barbara Kingsolver komst vel að orði í viðtali hjá fréttatímaritinu *Time* þegar hún sagði kjarna verksins snúast um það af hverju fólk sem hefur sömu staðreyndir fyrir framan sig getur komist að ólíkri niðurstöðu.⁶¹ Samfélagið sem myndast í kringum komu fiðrildanna verður táknmynd fyrir mannkynið í heild þegar það stendur frammi fyrir loftslagsbreytingum.

Flight Behavior segir frá samfélagi bænda og íbúa smábæjar sem að stórum hluta er ekki langskólagengið. Dellarobia lýsir því hvernig háskólamenntun er óþörf í smábænum Feather-town.⁶² Hún var til dæmis sú eina úr menntaskólaárgangnum sínum sem gerði tilraun til þess að komast inn í háskóla.⁶³ Þetta er fólk sem þarf að fara vel með hvern eyri sem því áskotnast og áhyggjur hversdagsins eru því oft miklar. Það er því ekki að undra að fólkið sé lítt upplýst um loftslagsbreytingar. Samfélagið hverfist að miklu leyti um kirkjuna og presturinn í bænum er helsti áhrifamaðurinn á svæðinu. Sú trú manna að allt sé í höndum Guðs kemur skýrt fram, hvort sem um er að ræða veðráttu eða veikindi. Koma fiðrildanna er til dæmis talin kraftaverk Guðs.

Eiginmaður Dellarobiu, Cub Turnbow, er í hlutverki nokkurs konar talsmanns þeirra sem efast um tilvist hnattrænnar hlýnunar. Viðhorf hans koma fram í samtölum þeirra Dellarobiu og þau sýna hvaða hugmyndir eru við lýði í samfélaginu sem þau búa í. Hann trúir ekki á hlýnun jarðar heldur telur veðurfarsbreytingarnar vera verk Guðs.⁶⁴ Cub telur gríðarlegar rigningar haustsins einungis vera hluta af eðlilegri sveiflu í veðurfari.⁶⁵ Þegar Dellarobia reynir að vekja máls á loftslagsvánni verður ljóst að eiginmaður hennar telur hana ekki vera þeirra

⁵⁹ „Kingsolver herself is clear in her beliefs and her expression of them“. Wagner-Martin, *Great Writers*, 3.

⁶⁰ Wagner-Martin, *Barbara Kingsolver's World*, 11.

⁶¹ Walsh, „Barbara Kingsolver on Flight Behavior and Why Climate Change Is Part of Her Story“.

⁶² Kingsolver, *Flight Behavior*, 224.

⁶³ *Ibid.*, 231.

⁶⁴ *Ibid.*, 259-261, 301.

⁶⁵ *Ibid.*, 171.

vandamál þar sem þau hafi önnur áhyggjuefni að glíma við.⁶⁶ Goodbody segir að í *Flight Behavior* sé dregin upp nákvæm mynd af afneitun á loftslagsbreytingum og að Kingsolver viðurkenni að trú eigi ákveðinn þátt í blindu almennings gagnvart vandamálinu.⁶⁷ Cub er holdgervingur þeirra efasemda sem algengar eru í umhverfismálum.

Cub, eins og svo margir aðrir, verður fyrir áhrifum frá fjölmiðlum sem gera lítið úr hættunni. Sú útvarpsstöð sem nær helst til fólksins á staðnum boðar þann boðskap að hnattræn hlýnun sé vitleysa þar sem ekki sé búið að sanna tilvist hennar. Uppáhaldsútvarpsmaður Cubs gerir til dæmis grín að Al Gore, fyrrum varaforseta Bandaríkjanna og umhverfissinna, og áhyggjum hans af hlýnandi hnetti.⁶⁸ Annað dæmi um hvernig fjölmiðlar líta fram hjá vandamálinu er lýsingin á umfjöllun fréttastofu um kóngafiðrildin. Fjölmiðlafárið í kjölfar komu fiðrildanna segir ekki frá raunverulegum orsökum þessa fréttænna atburðar.⁶⁹ Fréttamenn búa til sjónvarpsefni sem selst, efni sem höfðar til fólks, ekki efni um óþægilegan sannleikann. Vísindamennirnir, sem koma við sögu í verkinu, bera ekki mikla virðingu fyrir fjölmiðlafólkinu sem þeir telja að vilji ekki vita sannleikann þar sem það myndi spilla fréttinni fyrir þeim.⁷⁰

Dellarobia, sem verður nokkurs konar milligöngumaður milli vísindamannanna og hins ómenntaða samfélags, telur að fólk þori ekki að horfast í augu við slæma niðurstöðu og segir það vera mannlegt.⁷¹ Þessi viðhorf eru viðhorf fólks um allan heim. Barbara Kingsolver gerir það skiljanlegt að fólk loki eyrum fyrir fréttum af loftslagsbreytingum vegna þess að það hefur í öðru að snúast og hefur ef til vill ekki menntunina til þess að draga sjálfstæðar ályktanir. Fólkið heyrir einungis þá útgáfu af sannleikanum sem það vill heyra. Það fylgist með fjölmiðlum sem rugla það í ríminu og hvetja til efasemda um trúverðugleika þeirra sem boða umhverfisvitund. Kingsolver sýnir að þetta þýðir ekki endilega að hér sé á ferðinni slæmt fólk.

Með þessu tekst Kingsolver að tjá á raunsæjan hátt hvers vegna svona margir gera ekkert til að bregðast við loftslagsbreytingum. Goodbody segir að þrátt fyrir að Kingsolver fletti ofan af blindni smábæjarfólksins sýni hún því samúð og skilning.⁷² Hún útskýri hvað liggi að baki afneitun þeirra. Ekki hafi allir þjóðfélagshópar aðgang að upplýsingum um loftslagsbreytingar eða tök á að bregðast við þeim. Whiteley, Chiang og Einsiedel nefna einmitt að sú stéttaskipting

⁶⁶ Kingsolver, *Flight Behavior*, 172.

⁶⁷ Goodbody, „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction“, 17.

⁶⁸ Kingsolver, *Flight Behavior*, 260.

⁶⁹ Ibid., 212.

⁷⁰ Ibid., 230.

⁷¹ Ibid., 231.

⁷² Goodbody, „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction“, 14.

sem felst í umhverfisvernd fléttist inn í frásögnina.⁷³ Hið fátæka, ómenntaða samfélag sem sagt er frá í *Flight Behavior* hefur ekki sömu tækifæri til þess að berjast gegn loftslagsvánni og aðrir betur stæðir hópar. Auk þess gerir fátæktin það að verkum að það veldur umhverfinu ekki jafn miklum skaða og hinir efnameiri.

3.2.2. Vísindamenn og umhverfissinnar

Barbara Kingsolver dregur upp mynd af viðhorfum þeirra sem eru upplýstir um loftslagsbreytingar og stillir þeim upp gegn heimamönnum sem gefa fyrirbærinu lítinn gaum. Vísindamenn koma sér fyrir á landareign Turnbow-fjölskyldunnar til þess að fylgjast með fiðrildunum og fyrir þeim hópi fer fiðrildasérfræðingurinn Ovid Byron. Auk vísindamannanna birtast alls kyns umhverfisverndarsinnar á svæðinu.

Caren Irr segir eitt af einkennum vísindaskáldskapar, hinn ofurkarlmannlega vísindamann, vera að finna í mörgum loftslagsbreytingabókum og telur hún Ovid Byron falla í þann hóp.⁷⁴ Það sem skilur Ovid þó frá öðrum slíkum vísindamönnum er að hann fellur ekki að hetjuímyndinni. Hlutverk hans í sögunni er ekki að bjarga heiminum með snjöllum lausnum. Honum er stillt upp sem venjulegum manni sem fylgist með helsta hugðarefni sínu og viðfangi ævistarfs síns, fiðrildunum, þegar þau eiga á hættu að deyja út. Hér er á ferðinni raunsæ lýsing á vísindamanni sem hefur engar skyndilausnir heldur horfist í augu við sannleikann. Rannsókn hans snýst um að skilja, skýra og greina frá raunverulegum atburðum án þess að reyna að hafa áhrif á niðurstöðurnar. Hann bandar til dæmis frá sér hugmyndum Dellarobiu um að reyna að bjarga fiðrildunum með því að flytja þau burt með vörubíl og útskýrir að slíkt inngríp sé ekki til bóta.⁷⁵ Það er ekki í hans verkahring að breyta ferlum náttúrunnar heldur einungis að greina frá þeim.

Þótt Byron sinni starfi sínu af yfirvegum er ljóst að hann er þungt haldinn vegna loftslagsbreytinganna. Hann segir hnattræna hlýnun halda fyrir sér vöku og líkir því að horfa upp á útrýmingu fiðrildanna við það að horfa á ástvin deyjja.⁷⁶ Sú sorg sem fylgir því að horfa á fiðrildin deyjja er hliðstæð sorg manns sem verður vitni að hlýnun jarðar. Hjálparleysið er algjört.

Í grein Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries“, kemur fram að í *Flight Behavior* fléttist saman væntingar almennings til vísinda og venjur vísinda-

⁷³ Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 30.

⁷⁴ Irr, „Climate Fiction in English“, 9.

⁷⁵ Kingsolver, *Flight Behavior*, 316-320.

⁷⁶ Ibid., 279, 319-320.

samfélagsins.⁷⁷ Byron kemur inn á sögu sviðið til þess að rannsaka óvenjulega vetursetu kóngafiðrildanna og mætir þar viðhorfum og fordómum annarra til vísinda og loftslagsbreytinga. Byron lýsir því hvernig vísindamenn hafi ekki bakað sér vinsældir með því að segja bara frá staðreyndum í stað þess að koma með lausnir.⁷⁸ Það verða árekstrar vegna þess að væntingar almennings til Byrons og annarra sem rannsaka áhrif loftslagsbreytinga eru óraunhæfar. Almennigur krefst svara og lausna en vill ekki heyra sannleikann ef engin lausn á vandanum er í sjónmáli.

Auk þess sem vísindamenn fá rödd í verkinu dregur Kingsolver upp mynd af hinum ýmsu umhverfisverndarsinum sem reyna, hver á sinn hátt, að berjast gegn loftslagsbreytingum af veikum mætti. Hún setur þar með fram hinn upplýsta almenning sem andstæðu hinna fáfróðu bæjarbúa. Þessir umhverfissinnar eru ólíkir Byron að því leyti að þeir eru ekki vísindamenn og hafa því aðra sýn á málin. Þeir eru vongóðir og trúá á að einstaklingurinn geti haft áhrif ólíkt Byron sem áttar sig ef til vill betur á raunverulegri stöðu mála og er því ekki jafn bjartsýnn.

Samkvæmt Trexler fá raunsæjar frásagnir af loftslagsbreytingum oft vissan keim af satíru.⁷⁹ Dæmi um slík áhrif má sjá í lýsingum á umhverfisverndarsinum í verki Kingsolver. Þegar einn umhverfissinnanna reynir að fá Dellarobiu til að breyta neysluvenjum sínum verður árekstur. Hún hefur ekki efni á því sem hann nefnir að sé skaðlegt umhverfinu og þar með verða uppástungur hans hlægilegar.⁸⁰ Whiteley, Chiang og Einsiedel nefna einmitt þetta atriði í *Flight Behavior* sem dæmi um það að loftslagsbreytingabókmenntir taki einlægni umhverfishreyfingarinnar ekki alltaf alvarlega og séu meðvitaðar um hve gífurlegan viljastyrk þurfi til þess að lifa sjálfbærum lífsstíl og um þær mótsagnir sem geti komið upp.⁸¹ Kingsolver dregur fram vilja umhverfissinnanna til þess að berjast gegn hnattrænni hlýnun og stillir honum upp gegn valdaleysi þeirra gagnvart flóknum orsökum hennar. Með þessu veltir hún upp spurningum um hvort barátta þeirra hafi einhver áhrif á veröldina.

Bæjarbúarnir, með Cub í fararbroddi, standa fyrir alla þá sem ekki gera sér grein fyrir alvarleika loftslagsbreytinga, neita að trúá tilvist þeirra eða líta undan. Ovid Byron og félagar eru fulltrúar þeirra vísindamanna sem horfa upp á að veröldinni hnignar smátt og smátt. Umhverfissinnarnir, einstaklingar upplýstir um loftslagsbreytingar, sýna svo enn eina hliðina

⁷⁷ Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 30.

⁷⁸ Kingsolver, *Flight Behavior*, 320-321.

⁷⁹ Trexler, *Anthropocene Fictions*, 14.

⁸⁰ Kingsolver, *Flight Behavior*, 326-329.

⁸¹ „The novels do not necessarily take the earnestness of the environmental movement seriously, and there is a selfconscious awareness of the extreme dedication required to live sustainably and the frequent contradictions that emerge“. Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 33.

á málinu. Adam Trexler segir Kingsolver nýta sér það góða við raunsæisleg skrif þegar hún flækir stereótýpíska fullvissu vísindamannsins og fáfræði Suðurríkjabúanna og greiðir jafnframt úr þeim menningarlegu blæbrigðum sem fylgja loftslagsbreytingum samtímans.⁸² Enginn er gallalaus. Hver persóna er mannleg og marglaga og það gerir hana heildstæða og raunsæja. Skrif Kingsolver dýpka skilning lesandans á flóknum aðstæðum hvers og eins og skýra um leið ólík viðhorf til loftslagsbreytinga. Trexler bendir þó á að raunsæið komi ekki í veg fyrir að Kingsolver tjái gremju sína yfir pólitíkinni í kringum hnattræna hlýnun. Hann segir skáldsöguna fanga hneykslun hlutlauss einstaklings sem uppgötvar loftslagsbreytingar í fyrsta sinn.⁸³ Sá einstaklingur er aðalsöguhetjan Dellarobia.

3.3. Söguhetjan Dellarobia

Kingsolver telur höfunda bera ábyrgð á því að sýna sjálfa sig í verkum sínum og þess vegna eru konur ávallt þungamiðjan í verkum hennar.⁸⁴ Í *Flight Behavior* er það Dellarobia, ung móðir og eiginkona, sem er í aðalhlutverki. Hún er heimavinnandi húsmóðir sem gaf upp draum sinn um að ganga menntaveginum þegar hún varð þunguð að barni sem lifði ekki en fangaði hana í hjónabandi með hinum viðkunnanlega en óspennandi Cub. Upplifun Dellarobiu myndar þráð í gegnum söguna og setur hvern þátt frásagnarinnar í samhengi. Til að byrja með hverfast allar áhyggjur hennar um hversdaginn, að börnin hennar séu fædd og klædd, og ná ekki út fyrir smábæjarsamfélagið sem hún ólst upp í. Á þessum tíma í frásögninni er Dellarobia, eins og aðrir í samfélaginu, full efasemda um loftslagsbreytingar og veltir því fyrir sér hvort nokkrar sannanir sé að finna.⁸⁵ Fram að þessu hafði tenging hennar við náttúruna einungis verið af nauðsyn, vegna þess að hún hefur lífsviðurværi sitt af landinu, en ekki komin til vegna umhverfisvitundar.⁸⁶

Dellarobia hefur alltaf verið nokkuð greindari en fólkið í kringum hana en hún hefur ekki fengið tækifæri til þess að nýta gáfurnar. Þegar hún kemst í tæri við þessi nýju fyrirbæri, fiðrildin, vísindin og loftslagsmálin, fer hún um leið að spyrja spurninga, velta hlutunum fyrir sér og hugsa sjálfstætt. Auk þess sem hún horfir upp á breytt veðurfar og komu fiðrildanna fær hún að taka þátt í starfsemi vísindamannsins Ovids Byron og lærir þar með hvað liggur að baki

⁸² Trexler, *Anthropocene Fictions*, 228.

⁸³ *Ibid.*, 228.

⁸⁴ „I think our first responsibility, and also our first treasure as writers, is to represent ourselves. So women are always dead center in my novels““. Wagner-Martin, *Great Writers*, 62.

⁸⁵ Kingsolver, *Flight Behavior*, 147.

⁸⁶ „[H]er close connection to the land and her dependency on it derives from financial necessity rather than from a pre-existing natural connection to the land, let alone from an environmental awareness““. Mehnert, *Climate Change Fiction*, 64.

Þessum breytingum í náttúrunni, sem eru farnar að hafa áhrif á hennar eigið nærumhverfi og við það opnast augu Dellarobiu fyrir vandamálinu.

Mehnert bendir á að Dellarobia viðurkenni að sýn hennar á tilveruna hafi verið takmörkuð. Hún segir komu fiðrildanna hafa gert Dellarobiu kleift að sjá sjálfa sig sem hluta af stærra samhengi.⁸⁷ Þessar miklu breytingar á heimahögum Dellarobiu og þau ólíku viðhorf sem hún kynnist verða til þess að hún fer að sjá veröldina í nýju ljósi. Þegar hún lærir um fiðrildin, sögu þeirra og vísindarannsóknirnar, opnast nýr veruleiki fyrir henni: heimurinn sem ein heild. Fram til þessa hafði hún ekki séð langt út fyrir heimahagana en nú fer hún að átta sig á tengingum við fólk og staði hinum megin á hnettinum. Dellarobia kynnist meðal annars internetinu og áttar sig á að það er miðill sem hægt er að nýta til þess að breiða út fréttir og tengjast fólki annars staðar á jörðinni.

Í viðtali segir Dellarobia frá því hvað koma fiðrildanna hafi haft mikil áhrif á hana. Hún hafi áttað sig á því að hún væri of upptekin af eigin lífi þegar hún stóð frammi fyrir svo mikilfenglegu fyrirbæri. Þrátt fyrir að segja það ekki berum orðum þakkar hún þessari upplifun það að hún hætti við að halda fram hjá manni sínum og tók ákvörðun um að lifa breyttu lífi.⁸⁸ Fiðrildin verða þannig tákn fyrir allt það sem á þátt í að breyta hugsunarhætti hennar og upplifun hennar af veröldinni. Í rauninni voru það ekki eingöngu fiðrildin sjálf, heldur allt sem fylgdi komu þeirra. Hún fer að sjá sjálfa sig sem hluta af stærra samhengi.

Þegar Dellarobia áttar sig á því að loftslagsbreytingar eru raunverulegt vandamál verður henni hugsað til framtíðar sonar síns, Prestons, sem er orðinn mikill náttúruunnandi, og útskýrir fyrir honum að framtíðin sé ekki björt.⁸⁹ Það að hún er móðir skiptir máli. Hnatatræn hlýnun er vandi sem hefur ekki endilega mikil áhrif á þá sem eru uppi núna heldur er það framtíð barnanna og barnabarnanna sem er í húfi og Dellarobia skilur það. Goodbody segir Dellarobiu gangast undir innri vegferð frá fáfræði og áhugaleysi til vísindalegs skilnings á þeim ferlum og hugsanlegu hættum sem fylgja loftslagsbreytingum.⁹⁰ Það er mikið til í þessu; verkið er ákveðin þroskasaga. Undir lok sögunnar tekur Dellarobia þá ákvörðun að gera aðra tilraun til þess að ganga menntavegin. Hún gerir það sjálfrar sín vegna en ef til vill líka vegna þess að henni er

⁸⁷ „The butterfly event challenges this narrow vision and ultimately enables Dellarobia to see herself as part of a wider and interactive environment operating on multiple levels. In addition to the appearance of the butterflies, several human encounters also add to Dellarobia’s growing sense of planet and to her awareness of the global climate crisis“. Mehnert, *Climate Change Fiction*, 64-65.

⁸⁸ Kingsolver, *Flight Behavior*, 209.

⁸⁹ Ibid., 428.

⁹⁰ „Dellarobia undergoes an inner journey from ignorance and absence of concern to scientific understanding of the processes and possible risks from anthropogenic climate change“. Goodbody, „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction“, 11.

ljóst að hún er hluti af stærra samhengi, veröld sem er í krísu og hún getur haft áhrif á.

Með því flytja lesandanum slíka þroskasögu getur Kingsolver frætt hann um loftslagsbreytingar á þann hátt að hann helst við efnið og lærir ef til vill meira en ef ekki væri um skáldskap að ræða. Barbara Kingsolver færir náttúruvána nær aðalpersónunni, og þar með nær lesandanum, með því að drekkja hennar eigin húsagarði, eins og Wagner-Martin kemst að orði, í stað þess að staðsetja náttúruhamfarirnar í fjarlægum löndum.⁹¹ Með þessu gerir Kingsolver þessa sögu mannlega. Hún sýnir að loftslagsvandinn er ekki bara vandamál fyrir vísindamenn og aðra menntaða og vel stæða, heldur vandamál sem snertir okkur öll.

Wagner-Martin bendir þó réttilega á að þrátt fyrir að líta megi á *Flight Behavior* sem þroskasögu aðalpersónunnar er ekki þar með sagt að lesandinn fái að vita hvað verði um Dellarobiu við lok sögunnar.⁹² Það hefði ekki verið sanngjarnt gagnvart lesandanum eða gagnvart ástandinu sem hann býr við, hnattrænni hlýnun, að leysa allan vanda Dellarobiu. Kingsolver lofar engu um lausn, og það gera vísindamennirnir ekki heldur, en hún hvetur lesandann til þess að opna augun og sjá heiminn eins og hann er. Þá fyrst verður hægt að reyna að bregðast við óvissunni. Dellarobia veit ekki hvernig líf hennar verður og lesendurnir fá ekki heldur að vita það. Á sama hátt veit mannkynið ekki hvert það stefnir vegna yfirvofandi náttúruhamfara. Whiteley, Chiang og Einsiedel nefna að í þeim loftslagsbókum sem þær hafa rannsakað séu engar fullkomnar eða fullnægjandi lausnir. Þær hafa ekki farsælan endi. Þó lifa einhverjir af.⁹³ Í *Flight Behavior* er vonin bundin Preston og ef til vill fiðrildunum sem Dellarobia fylgist með hefja sig til flugs í lokaatriði verksins þar sem örlög hennar sjálfrar eru óljós.

Preston stendur fyrir komandi kynslóðir sem binda má miklar vonir við en á sama tíma hafa áhyggjur af vegna þess hvernig komið er fyrir þeim. Kingsolver býður lesandanum að velta því fyrir sér hvað verði úr honum þegar hann eldist. Hann hefur gífurlegan áhuga á náttúruvísindum, eftir að hafa kynnst Ovid Byron, og það má vona að sá eldur sem brennur innra með honum hafi góð áhrif á framtíðina. Það er hans kynslóð sem tekur við og þarf að búa við ástandið sem er að skapast. Dellarobia hefur áttað sig á þessu og segir við son sinn að þau

⁹¹ „Instead of positing ecological disaster in remote countries, Kingsolver here stresses that the disaster facing Dellarobia Turnbow is swamping her very yard“. Wagner-Martin, *Barbara Kingsolver's World*, 1-2.

⁹² „Thinking that the novel has been a traditional account of a woman character's growth through education as well as life experiences, the reader may be momentarily confused: *Flight Behavior* in Kingsolver's deft hands, however, does *not* give the reader Dellarobia's outcome“. Ibid., 3.

⁹³ „None of the novels resolve their issues in any complete or satisfactory way. There are no happy endings, but survival continues“. Whiteley, Chiang og Einsiedel, „Climate Change Imaginaries?“, 34.

systkinin hafi ekkert val, þau verði að vera öðruvísi en þeir sem á undan þeim hafa farið.⁹⁴

Kingsolver varpar ljósi á glímu einstaklingsins við hugmyndina um loftslagsbreytingar. Þegar Dellarobia stendur frammi fyrir þessu stórbrotna vandamáli á sinni eigin landareign neyðist hún til þess að leggjast í mikla sjálfsskoðun á viðhorfum sínum til umhverfis síns. Það sama á við um lesandann. Kingsolver krefur hann um að líta í eigin barm og opna augun fyrir málefnum sem hann annars gæti bandað frá sér. Goodbody telur að með því að gera reynsluna af hnattrænni hlýnun persónulega og gera mikið úr afleiðingum hennar, leitist höfundar við að hjálpa lesendum að ímynda sér framtíðina.⁹⁵ Þetta á einmitt við um *Flight Behavior*. Kingsolver skýrir frá upplifun Dellarobiu af loftslagsbreytingum og dramatískum örlögum landareignar fjölskyldu hennar. Með þessu gerir höfundurinn lesendum auðveldara fyrir að átta sig á því hvaða framtíð gæti blasað við þeim.

Kaflaheiti verksins eru athyglisverð í ljósi þess hvernig Kingsolver fléttar saman hið einstaka og hið almenna, einstaklinginn og heiminn í heild. Eftir því sem Dellarobia lærir meira um veröldina og fer að sjá hana sem eina heild þá verða kaflaheitin víðtækari. Í fyrstu eru þau bundin einstaklingi, síðan samfélagi, þá heimsálfu og loks heiminum í heild. Kaflaheitin þrengjast svo á ný um miðbik bókarinnar og eru undir lokin komin aftur inn á svið einstaklingsins. Þetta er leið til þess að sýna hvernig sjónarhorn Dellarobiu víkkar eftir því sem hún öðlast meiri þekkingu en þrengist svo á ný þegar hún fer að velta fyrir sér sínu eigin hlutverki í þessu sambandi, ábyrgð sinni og framtíð barna sinna. Það sama má segja um vegferð lesandans; lesandinn áttar sig á því hvernig hann sjálfur er hluti af stærra samhengi og lítur síðan í eigin barm.

⁹⁴ Kingsolver, *Flight Behavior*, 428.

⁹⁵ „By personalising the experience of global warming and dramatising its consequences, they seek to bring it alive and help readers imagine the future“. Goodbody, „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction“, 4.

4. Niðurlag

Í verkinu *Flight Behavior* er sjálft söguviðið tákmynd fyrir heiminn allan. Þau þrjú atriði sem mynda söguheim Kingsolver, náttúran, samfélagið og einstaklingurinn, eru hvert um sig hluti fyrir heild. Breytingar á náttúru, óvenjuleg veðráttu og koma fiðrildanna eru dæmi um áhrif loftslagsbreytinga á umhverfið. Náttúran á bóndabæ Turnbow-fjölskyldunnar sýnir hvernig ólíkir heimshlutar tengjast og eru um leið tákmynd fyrir náttúruna alla á tímum loftslagsbreytinga. Samfélagið, bæði smábæjarfólkið í Tennessee og utanaðkomandi aðilar, myndar vísu heild þar sem ólíkar raddir fá að heyrast. Vísindasamfélagið og almenningur mætast og þar með sýnir Kingsolver hinn félagslega þátt hlýnunarinnar. Upplifun einstaklingsins af hlýnun jarðar, áhrifum hennar á náttúruna og ólík viðhorf gagnvart henni, er dregin fram með aðalpersónu verksins, Dellarobiu. Með því gerir höfundurinn þetta mikla vandamál persónulegt og viðbrögðin við því mannleg. Með því að setja fram áhrif hnattrænnar hlýnunar á náttúruna, viðbrögð samfélagsins og glímu einstaklingsins við erfiðan sannleikann dregur Kingsolver upp almenna mynd af heiminum. Í *Flight Behavior* er veröldin á tímum loftslagsbreytinga sett fram þannig að lesandinn á auðvelt með að átta sig á öllum þeim ólíku þáttum sem þar koma við sögu.

Þessi heildstæða mynd sem Kingsolver dregur upp af veröldinni sýnir loftslagsvandann eins og hann snýr að hinum almenna borgara. Það gerir lesandanum auðvelt fyrir að átta sig á vandanum. Í inngangi að ævisögu Kingsolver vísar Wagner-Martin í orð hennar úr esseyju-safninu *Small Wonder* þar sem Kingsolver segist fjalla um mjög mikilvægar hugmyndir, frelsi, jafnrétti og heimsfrið, inni á sviði heimilisins.⁹⁶ Það á líka við um loftslagsbreytingarnar sem eru til umfjöllunar í *Flight Behavior*. Hún smækkar alheiminn á tímum hnattrænnar hlýnunar niður í mannlega frásögn og með því færir hún loftslagsmálin heim í stofu lesandans. Kingsolver gefur lesendum þar með skýra mynd af ólíkum viðhorfum, tengslum vistkerfa og heiminum sem órjúfanlegri heild. Hún nær með þessu til lesandans og fær hann ef til vill til að opna augun gagnvart vanda sem annars væri auðvelt að ýta frá sér í amstri hversdagsins.

Flight Behavior er gott dæmi um það hvernig höfundar geta nýtt sér skáldaða texta til þess að ná til áhorfenda á annan hátt en fræðiefni gæti gert. Líklega er ógerningur að setja fram samspil manns og náttúru á heimsvísu með svo skýrum hætti á annars konar formi en hinu skáldaða. Þótt auðvitað séu skiptar skoðanir um það hve mikil áhrif skáldskapur á borð við þennan hefur, er ljóst að binda má vonir við að lesendur hafi gagn af lestrinum. Það er sennilegt

⁹⁶ „I write about the likes of liberty, equality, and world peace, on an extremely domestic scale.“
Wagner-Martin, *Great Writers*, 1.

að höfundarnir trúir á mátt orðanna og nýti sér því tól bókmenntanna til þess að útskýra fyrirbæri sem annars væri erfitt að skilja. Bókmenntagreinin loftslagsbreytingabókmenntir hefur því mikilvægu hlutverki að sinna auk þess sem verk innan hennar geta verið hin prýðilegasta afþreying.

Mannkynið verður að gera allt sem í valdi þess stendur til þess að berjast gegn loftslagsbreytingum. Vandamálið þolir enga bið og því er nauðsynlegt að grípa til aðgerða. Því er ekki fráleitt að halda því fram að það hlutverk listamanna að bregðast við samtímanum og móta framtíðina hafi sjaldan verið jafn mikilvægt og nú. Bókmenntirnar sem breiða út almennan skilning á hnattrænni hlýnun eru ekki síður mikilvægar en vísindalegar rannsóknir á fyrirbærinu. Þess vegna eiga skáldsögur á borð við *Flight Behavior* mikið erindi við samtímann. Þar sem við lifum á tímum þar sem ekki er hægt að líta fram hjá loftslagsvánni er ljóst að þessi nýja bókmenntagrein, loftslagsbreytingabókmenntir, er komin til að vera.

Heimildaskrá

- Global Climate Change: Vital Signs of the Planet. „Global Temperature“. Sótt 5. apríl 2019 af <https://climate.nasa.gov/vital-signs/global-temperature/>.
- Goodbody, Axel. „Risk, Denial and Narrative Form in Climate Change Fiction: Barbara Kingsolver’s *Flight Behavior* and Ilija Trojanow’s *Melting Ice*.“ *The Anticipation of Catastrophe: Environmental Risk in North American Literature and Culture*, 247 (2014):39-58. Universitätsverlag Winter, Heidelberg. Sótt 29. janúar 2019 af <https://researchportal.bath.ac.uk/en/publications/risk-denial-and-narrative-form-in-climate-change-fiction-barbara->.
- Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson, Trausti Jónsson. *Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi: Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018*. Veðurstofa Íslands (2018). Sótt 5. mars 2019 af <https://www.vedur.is/loftslag/loftslagsbreytingar/loftslagsskyrsla-2018/>.
- Irr, Caren. „Climate Fiction in English“. *Oxford Research Encyclopedia of Literature* (2017). Sótt 29. janúar 2019 af <http://oxfordre.com/literature/view/10.1093/acrefore/9780190201098.001.0001/acrefore-9780190201098-e-4>.
- Leder, Priscilla, ritstj. *Seeds of Change: Critical Essays on Barbara Kingsolver*. Knoxville: The University of Tennessee Press, 2010.
- Mehnert, Antonia. *Climate Change Fiction: Representation of Global Warming in American Literature*. Munich: Palegrave Macmillan, 2016.
- Oziewicz, Marek. „Speculative Fiction“. *Oxford Research Encyclopedia of Literature* (2017). Sótt 10. mars af <http://oxfordre.com/literature/view/10.1093/acrefore/9780190201098.001.0001/acrefore-9780190201098-e-78>.
- Scientific American*. „A Look at the Growing Genre of Climate Fiction“. Sótt 9. apríl 2019 af <https://www.scientificamerican.com/article/a-look-at-the-growing-genre-of-climate-fiction/>.
- Svec, Michael og Mike Winiski. „SF and Speculative Novels: Confronting the Science and the Fiction“. Í *Science Fiction and Speculative Fiction: Challenging Genres*. Ritstýrt af P. L. Thomas, 35-57. Rotterdam, Boston og Taipei: Sense Publishers, 2013.

- Tollefson, Jeff. „Is the 2 °C world a fantasy?“. *Nature* (2015). Sótt 5. apríl 2019 af <https://www.nature.com/news/is-the-2-c-world-a-fantasy-1.18868>.
- Trexler, Adam. *Anthropocene Fictions: The Novel in a Time of Climate Change*. Virginia: University of Virginia Press, 2015.
- Wagner-Martin, Linda. *Barbara Kingsolver's World: Nature, Art, and the Twenty-First Century*. New York: Bloomsbury, 2014.
- Wagner-Martin, Linda. *Great Writers: Barbara Kingsolver*. Philadelphia: Chelsea House Publishers, 2004.
- Walsh, Bryan. „Barbara Kingsolver on Flight Behavior and Why Climate Change Is Part of Her Story“. *Time* (2012). Sótt 9. apríl 2019 af <http://entertainment.time.com/2012/11/08/barbara-kingsolver-on-flight-behavior-climate-change-and-the-end-of-doubt/>.
- Whiteley, Andrea, Angie Chiang og Edna Einsiedel. „Climate Change Imaginaries? Examining Expectation Narratives in Cli-Fi Novels“. *Bulletin of Science, Technology & Society*, 36, nr. 1 (2016):28–37. Sótt 29. janúar 2019 af <https://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/0270467615622845>.